



ÁRSSKÝRSLA LÖGREGLUSTJÓRANS Á SUÐURNESJUM 2015





Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Útgefandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

<http://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/sudurnes/>

Umsjón: Jóhanna S. Sigþórsdóttir

Ábyrgð: Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri

Umbrot: Garðar Kjartansson

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. SKIPURIT	5
3. LÖGREGLUEMBÆTTIÐ	6-8
3.1 Stefnunmótun og áherslur árið 2015	
3.2 Starfsmannahald og endurmenntun	
3.3 Tækja- og búnaðarmál	
3.4 Önnur mál	
4. ALMENN DEILD	9-13
4.1 Almannaþingin	
4.2 Umferðarmál	
4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæði og forvarnir	
4.4 Samstarf	
4.5 Fangageymslur	
4.6 Önnur verkefni lögreglu	
5. RANNSÓKARDEILD	14-16
5.1 Auðgunarbrot	
5.2 Fíkniefnabrot	
5.3 Ofbeldisbrot	
5.4 Fjármunabrot	
5.5 Sérrefsilagabrot, slysa – og brunarannsóknir	
5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum	
5.7 Aðrar rannsóknir	
6. FLUGSTÖÐVARDEILD	17-20
7. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR	21
6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála	
6.2 Sektargerðir	
8. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2013-2015	21-22
7.1 Umferðarlagabrot	
7.2 Fjöldi umferðarslysa	
7.3 Sérrefsilagabrot	
7.4 Haldlögð fíkniefni	
7.5 Hegningarlagabrot	
9. REKSTUR	22

1. INNGANGUR

Frá lögreglustjóra

Árið 2015 einkenndist af miklum breytingum á embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum í þeim skilningi að álag jókst verulega á starfsmenn embættisins. Helzta ástæða þess er stöðugt vaxandi fjöldi ferðamanna sem fer um Flugstöð Leifs Eiríkssonar á leið til Íslands, frá Íslandi eða á hér viðdvöl á ferð sinni yfir Atlantshafið. Þeim fylgir aukinn þungi á starf landamæraeftirlits. Farþegar um landamærin voru nærri 4,9 milljónir en þar af voru ríflega 2.3 milljónir sem fóru um ytri landamæri Schengen svæðisins sem Ísland ábyrgist. Þessum stóra hópi fylgir einnig álag á alla starfsemi embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum, sem stafar meðal annars af málum sem upp koma vegna ólöglegrar vegabréfanotkunar. Slík mál voru 35 talsins árinu.

Í ársáætlun fyrir árið 2015 voru mörg og metnaðarfull markmið. Þar á meðal: Að tryggja rekstur embættisins innan ramma fjárlaga í samræmi við kröfur til þess og hann yrði skilvirkur með tilliti til fjárlaga, verkefna embættisins og gæða þjónustunnar.

Að þjónusta lögreglunnar við íbúa svæðisins og farþega í Leifsstöð yrði bætt enn frekar.

Unnið yrði að því að embættið geti staðið undir sívaxandi kröfum um þjónustu við landamæraskoðun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem hefur í för með sér fjölgja þarf starfsmönnum og efla nýtingu tæknimiðaðra lausna.

Að halda kostnaði innan marka fjárlaga og koma starfsemi utan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í eitt húsnæði. Starfsemi í þremur megin starfsstöðvum fylgja ókostir.

Megin markmið starfseminnar var og er að auka þjónustu við íbúa með hagkvæmari rekstri og fræðslu til starfsmanna og vera stöðugt vakandi fyrir nýjum tækifærum varðandi tækni og framfarir í löggæzlu almennt. Umbótastarf í þessum efnum er stöðugt verkefni yfirstjórnar embættisins með það að markmiði að þjónusta og starf þess verði ávallt í fremstu röð.

Sé litið yfir árið 2015 hefur þróun mála verið að ýmsu leyti ánægjuleg. Hegningalagabrotum í umdæminu hefur í heildina fækkað verulega milli ára. Þar má nefna kynferðisbrot, auðgunarbrot, eignaspjöll þjófnaði og innbrot. Umtalsverð fækkun hefur einnig orðið í málafjölda sérrefsilagabrota.

Hins vegar hefur verið við ramman reip að draga varðandi það að ná sumum ofangreindra markmiða.

Ekki hefur lögreglumönnum fjölgað í samræmi við fjölgun farþega um ytri landamæri Schengen og það kann að hafa áhrif á þá mjög svo nauðsynlegu greiningarvinnu sem landamæragæzla þarfnast og Schengen samkomulagið gerir til íslenska ríkisins. Af þessum þætti hefur undirritaður nokkrar áhyggjur.


Hver er framtíð lögreglunnar, ekki eingöngu á Suðurnesjum, heldur á landinu öllu. Nú stefnir í að Lögregluskóli ríkisins heyri sögunni til. Þá er mikilvægt að vel takist til um framhaldið. Vel menntaðir lögreglumenn eru nauðsyn allri löggæzlu. Ljóst er að brýn þörf er á að vinna að því að efla lögregluna á Íslandi og á Alþingi þar stóran hlut að máli því ekki verður það gert án þess að leggja til starfseminnar verulega aukið fjármagn.

Ársskýrslan hefur að geyma greinargóð yfirlit, sem skýra sig að mestu sjálf, um störf og verkefni embættisins. Tölurnar tala sínu máli. Embættið býr að miklum og góðum mannauði. Öllum starfsmönnum, lögreglumönnum sem öðrum, eru færðar þakkir fyrir góð störf í þágu embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum og almennings á Íslandi.

Framundan eru spennandi tímar og verkefni. Við skulum takast á við þau af kappi en um leið forsjá og leitast ævinlega við að skila góðu starfi og vera fremst meðal jafningja og gæta að kjörorðum embættisins, Fagmennska – Heiðarleiki - Traust.



2. SKIPURIT



3. LÖGREGLUEMBÆTTIÐ

3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2015

Þrjú meginmarkmið voru sett fram í starfi lögreglunnar á Suðurnesjum (LSS) í upphafi árs 2015. Þau voru: Að tryggja að áframhaldandi rekstur yrði innan ramma fjárlaga, þó í samræmi við þær kröfur sem gerðar væru til embættisins. Að rekstur embættisins yrði skilvirkur með tilliti til fjárlaga, verkefna þess og gæða þjónustunnar. Að þjónusta lögreglunnar við íbúa svæðisins og farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) yrði bætt enn frekar.

Stefnt var að fjölmörgum deilimarkmiðum og árangursmælikvarðar tengdir þeim voru lagðir fram. Hver deild, almenn deild, rannsóknardeild og flugstöðvardeild, setti fram sín markmið auk þess sem sérstaklega var fjallað um almennan hluta þar sem allar deildir koma að, svo og innra starfið. Meðal undirmarkmiða voru vökul fjármálastjórn og efling og styrking almannavarna. Jafnframt endurskoðun Flugslýsaáætlunar fyrir Keflavíkurflugvöll og Neyðaráætlun vegna flugverndar þar sem fjallað er um skipulag tengt sprengjuhótunum á athafnasvæði flugvallarins, sprengjuhótun um borð í flugvél, svo og flugrán. Enn fremur fræðsla starfsmanna um skýrslu ríkislögreglustjóra vegna hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum ásamt því að innleiða æfingaáætlun ríkislögreglustjóra. Undirmarkmiðin vörðudu einnig að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi og taka þátt í Europol verkefnum. Loks að auka sýnileika lögreglu, auka upplýsingagjöf í gegnum samfélagsmiðla og vera leiðandi í vinnslu og afgreiðslu heimilisofbeldismála.

Stefnumótun, áherslur og raunhæf markmiðagerð er til þess fallin að auka hvata starfsmanna að ná settum markmiðum áætlunarinnar til hagsbóta fyrir samfélagið sem lögregla þjónar.

3.2 Starfsmannahald og endurmenntun

Allir starfsmenn – ársverk 2015

Allir starfsmenn	106,7	100%
Par af konur	26,3	25%
Par af karlar	80,4	75%
Lögreglumenn	87,8	
Par af konur	12,3	14%
Par af karlar	75,5	86%
Landamæraverðir	8,2	
Par af konur	6,4	78%
Par af karlar	1,8	22%

Hafin var þjálfun lögreglumanna eftir þjálfunaráætlun lögreglu sem er sett fram af ríkislögreglustjóra. Lögreglumenn á þjálfunarstigi 2 tóku þátt í námskeiði í febrúar og mars og lögreglumenn á þjálfunarstigi 3 í nóvember og desember. Um er að ræða 2 - 3 daga námskeið. Á þessum námskeiðum fer fram skotþjálfun og þjálfun í taktískum atriðum.

Rannsóknarlögreglumenn í almennri deild sóttu þriggja daga námskeið/kynningu hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH).

Efni námskeiðs sem sótt voru í lögregluskólanum var eftirfarandi: B-Safer áhættumatskerfi fyrir þolendur í heimilisofbeldismálum, akstur með forgangi þar sem þeir síðustu við embættið fengu þá fræðslu og vitundarvakning um eineltismál. Jafnframt rannsóknir smærri mála, lok mála á vettvangi, mæting fyrir dóm, umferðarmál, námskeið fyrir valdbeitingar- og skotþjálfara embættisins, grunnnámskeið tæknirannsókna og símenntunarnámskeið fyrir leiðbeinendur varðandi akstur með forgangi.

Lögreglumenn sóttu ýmsar ráðstefnur á árinu svo sem ráðstefnu um yfirheyrslur. Jafnframt námskeið í aðgerðargrunni almannavarna og Landsbjargar.

Þá voru sótt Cepol námskeið, Community Policing og Hate Crimes og ýmis Webinarnámskeið.

Fram var haldið svokölluðum örfundum á árinu. Fundirnir voru haldnir mánaðarlega í hádeginu á föstudögum í félagsheimili Lögreglufélags Suðurnesja og voru opnir öllum starfsmönnum embættisins. Boðið var upp á léttan hádegisverð og fengnir fyrirlesarar til að ræða um ýmis málefni er varða lögreglustarfið. Þar má nefna markþjálfun, heilsuvernd og hegðun elds. Þessir fundir hafa mælst vel fyrir og verið vel sóttir.

3.3 Tækja- og búnaðarmál

Ný lögreglubifreið

Í lok apríl var tekin í notkun ný lögreglubifreið af gerðinni Volvo V70. Er hún með enn betri staðal- og aukabúnað fyrir lögregluna, en áður hefur tíðkast. Sem dæmi má nefna nýja gerð öflugrar ratsjár til hraðamælinga, fullkominn hljóð- og myndupptökubúnað, spjaldtölvu sem er tengd gagnagrunnum lögreglunnar og hjartastuðtæki.



3.4 Önnur mál

3.4.1 Öryggismál

Við embættið er starfrækt öryggisnefnd og er tilvist hennar byggir á grundvelli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, oftast kölluð vinnuverndarlögin. Öryggisnefndin samanstendur af þremur öryggistrúnaðarmönnum, kosnum af starfsmönnum og þremur öryggisvörðum, sem eru tilnefndir af vinnuveitanda. Um skipulag vinnuverndarstarfs og helstu verkefni öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða er fjallað í reglugerð nr. 920/2006.

Öryggisnefndin kom saman þrisvar sinnum á formlegum fundum á árinu. Tekin voru fyrir ýmis atriði sem betur mega fara í vinnuumhverfinu og leitað leiða til úrbóta. Áhættumat á megin starfsstöðunum var framkvæmt á árinu. Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn tóku þátt við framkvæmd áhættumatsins og gerð var skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði starfsfólks til að koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins.

Vinnuverndarstarfer mikilvægur þáttur í starfinu, að tryggja öryggi og heilbrigði starfsfólks. Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir gegna þar mikilvægu eftirlitshlutverki.

3.4.2 Félagastuðningur

Nú starfa við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum 12 stuðningsfulltrúar sem hafa fengið sérstaka fræðslu í félagastuðningi. Þeir eru í öllum deildum embættisins. Hlutverk þeirra er að vera stuðningsaðilar fyrir vinnufélaga, sem hafa lent í alvarlegu áfalli eða ráða ekki lengur við aðstæður vegna uppsafnaðs álags.

Í skýrslu um félagastuðning 2015 voru tvö atvik tilgreind sérstaklega þar sem slíkum stuðningi var beitt í tengslum við erfið útköll sem lögreglumenn fóru í. Haldnir voru viðrunarfundir eftir atvik og mönnum bent á úrræði um stuðning ef þörf væri á. Auk þessara tveggja atvika tilgreindu stuðningsfulltrúar frá samtölum sem þeir áttu við einstaka lögreglumenn vegna uppsafnaðs álags og streitu. Það er samdóma álit þeirra sem koma að félagastuðningi að tilvist hans sé mikilvæg fyrir lögreglumenn.

3.4.3 Sáttamiðlun

Lögreglan á Suðurnesjum hefur sinnt mörgum sáttamiðlunarmálum á undanförunum árum með góðum árangri. Lögð hefur verið aukin áhersla á þennan þátt í starfi lögreglu. Til að mál geti fallið undir sáttamiðlunarleiðina þurfa þau að uppfylla ákveðin skilyrði, sem ekki öll mál gera. Hugmyndafræðin að baki þessari aðferð felur í sér að leitast er við að ná sáttum milli brotamanns og brotþola í kjölfar afbrots í stað þess að að málið fari hefðbundna leið, það er í ákærumeðferð. Sáttamiðlun er sú aðferð sem oftast er beitt í því skyni. Í sáttamiðlun felst að brotamaður og brotþoli eru leiddir saman til að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft og fá hann til að friðmælast við brotþola með það fyrir augum að þeir komist að samkomulagi um málalok.



3.4.4 Starfsemi Lögreglufélags Suðurnesja

Árið 2015 var viðburðaríkt og skemmtilegt, enda mörg verkefni á borði félagsins.

- Þann 29. maí s.l. var haldið kveðjuhóf í samstarfi við lögreglustjóra fyrir þá Sæmund Alexandersson og Óskar Þórmundsson í Frímúrarasalnum. Mikill fjöldi lögreglumanna mætti umræddan dag til að kveðja þá féлага sem áttu áratugastarf að baki í þágu lögreglunnar.
- Ákveðið var að fara í endurbætur á þaki félagsheimilis LS. Leitað var eftir tilboðum og einu slíku tekið frá Einari Dalberg Einarssyni verktaka.
- Fjölskyldudagur LS og LSS var haldinn þann 10. september í innleikjagarðinum á Ásbrú. Mjög góð mæting var á þennan viðburð sem þótti í alla staði heppnast vel.
- Ráðist var í framkvæmdir og breytingar á þrekaðstöðu félagsheimilisins. Settur var upp heitur pottur og svokallað kalt kar. Þá var hlaupabrettum félagsins skipt út ásamt því að bæta við tækjum og tólum.
- Meistaramót LS í golfi var haldið í septembermánuði í Leirunni en alls voru haldin 5 mót yfir sumarið. Þá fór Lögguhreysti 2015 fram laugardaginn 3. október í og við Lögregluskóla ríkisins. Fleiri mót voru haldin á árinu svo sem öldungamót ÍSL í innanhúsknattspyrnu og landsmót ÍSL í innanhúsknattspyrnu.
- Þann 30. maí og 29. nóvember fóru fram kyndilhlaup lögreglumanna (LETR) á Íslandsleikum Special Olympics (SO) í knattspyrnu. Þann 30. maí var hlaupið í Reykjavík og 29. nóvember í Reykjanesbæ.
- Fjöldi félagsfunda voru haldnir hjá LS í félagsheimilinu en fundarefnið var staða kjaramála lögreglumanna.
- Jólhlaðborð LS og LSS var haldið þriðjudaginn 21. nóvember. Var vel mætt og vöktu skemmtatriðin mikla lukku hjá gestum. Jólaskemmtun LS, í samstarfi við lögreglustjóra, fór fram þann 29. desember. Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru í starfi félagsins, sem var afar fjölbreytt og ánægjulegt.

3.4.5 LSS og samfélagsmiðlar

Lögreglan á Suðurnesjum hefur nú haldið úti Facebooksíðu síðan í mars 2012. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að ná betur til íbúa umdæmisins. Það má með sanni segja að það markmið hafi gengið eftir. Vínafjöldi hennar er nú kominn yfir 8.000 manns og fer stöðugt vaxandi. Margvíslegar upplýsingar hafa borist gegnum síðuna sem hafa komið að góðum notum í mörgum málum sem hafa ratað inn á borð hjá lögreglu. Má þar nefna upplýsingar um fíkniefnainnflutning, fíkniefnaræktanir og upplýsingar sem hafa komið að gagni við að upplýsa þjófnaði og margt annað. Jafnframt hefur komið í ljós með árunum að Facebook er öflugt tæki þegar miðla skal upplýsingum um veður og færð. Nokkrir starfsmenn hjá embættinu sjá um þessa síðu og eru þeir úr öllum deildum embættisins.

Þá er lögreglan á Suðurnesjum einnig með Instagram aðgang sem finna má undir nafninu „policiesudurnes“. Þar hafa birst ljósmyndir af daglegum störfum lögreglu og ýmsu léttmeti.



4. ALMENN DEILD

4.1 Almannaávarnir

Flugslýsaáætlun fyrir Keflavíkflugvöll (FFK) var virkjuð sjö sinnum á árinu. Áætlunin er ýmist virkjuð á óvissustigi, hættustigi eða neyðarstigi allt eftir alvarleika máls. Umfangið er síðan skilgreint á grænu, þar sem daglega viðbragðið ræður við verkefnið. Gulu, þar sem bjargir í umdæminu sinna verkefninu auk valinna bjarga úr öðrum umdæmum, og síðan á rauðu, þar sem bjargir á suðvesturhorni sinna verkefninu.

Eftirfarandi atvik komu upp:

- 1 26.06.2015, óvissustig grænn. Eldneytishurð hafði opnast eftir flugtak. Fimm manns um borð. Vél lenti heilu og höldnu.
- 2 04.07.2015, óvissustig grænn. Einn maður um borð. Um var að ræða eins hreyfils smáflugvél. Vélin hafði verið nýfarin í loftið er mótur missti afl. Flugmaður náði að snúa henni til baka og svífa til jarðar og lenda áfallalaust.
- 3 25.07.2015, óvissustig rauður. Boeing 757 flugvél kom inn til landingar en óttast var að hemlabúnaður vélararinnar hefði ofhitnað. Vél lenti síðan heilu og höldnu.
- 4 24.08.2015, hættustig grænn. F-16 herþota tæp á eldsneyti. Náði ekki að tanka. Vélin náði að lenda án áfalla.
- 5 21.10.2015, óvissustig grænn. Lítil flugvél með tveimur mönnum lýsti yfir óvissustigi þar sem mælar sýndu rautt en var með óskerta flughæfni. Henni var lent heilu og höldnu.
- 6 17.11.2015, hættustig gulur. Flugmaður flugvélar með 11 manns innanborðs greindi frá vandræðum með flapsa. Vél lenti áfallalaust.
- 7 10.12.2015, óvissustig rauður. Boeing 747 breiðþota frá Lufthansa með 344 farþega um borð tilkynnti um reyk í farþegarými og lýst var yfir óvissustigi. Vélinni var lent um hálf tíma síðar heilu og höldnu. Hún var tekin til skoðunar og farþegum komið fyrir á hótélum á höfuðborgarsvæðinu.

Á árinu var unnið að uppfærslu á Flugslýsaáætluninni og var ný útgáfa kynnt með breytingum þar sem meðal annars starfssvæði voru flutt. Móttaka hjálparliðs er núna á svokölluðu austursvæði við gömlu flugstöðina á Ásbrú og söfnunarsvæði slasaðra SSS hefur verið fært úr flugskýli Ícelandair við Flugstöð Leifs Eiríkssonar yfir í flugskýli 831 á austursvæðinu, gengt gömlu flugstöðinni á Ásbrú.

Skrifborðsæfing var haldin með viðbragðsaðilum 29.10.2015. Prettán lögreglumenn tóku þátt í æfingunni. Meginþungi hennar var á störf aðgerðarstjórnar, vettvangsstjórnar og verkþáttastjóra. Æfingin gekk vel fyrir sig en ávallt má draga einhvern lærdóm af æfingum sem þessari.

Í tengslum við FFK var haldin á Keflavíkflugvelli 7. og 8. október sérstök æfing til að æfa viðbrögð Kennslanefndar RLS, Rannsóknarnefndar samgönguslysa og rannsóknardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum við vettvangsrannsókn á flugslysi. Almannaávarndeild RLS annaðist skipulagningu og undirbúning æfingarinnar í samvinnu við ýmsa aðila.



Vel á annan tug lögreglumanna og kennslanefndarfulltrúa tóku þátt í æfingunni sem þótti takast mjög vel. Verkefni kennslanefndar er að leitast við að bera kennsl á menn, er hafa týnt lífi í flugslysi, skriðuföllum, snjóflóðum, flóði, skipstapa eða öðrum náttúruhamförum, eða þegar óþekkt lík eða líkamsleifar finnast.

Viðbragðsáætlun sóttvarna á Keflavíkurflugvelli var gefin út á árinu. Henni er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í sóttvörnum þegar grunur leikur á að einstaklingur með smitandi sjúkdóm sé um borð í flugvél á leið til landsins eða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þann 11. nóvember 2015 var áætlunin kynnt fyrir viðbragðsaðilum og skrifborðsæfing haldin. Um 50 manns tóku þátt í æfingunni.

Hópslysaæfing

Í tengslum við vinnu að viðbragðsáætlun vegna hópslyss í umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum var blásið til hópslysaæfingar þann 28. apríl 2015 með aðkomu þeirra viðbragðsaðila sem kveðið er á um í áætluninni að Landhelgisgæslunni undanskilinni sem ekki gat tekið þátt vegna annarra verkefna.

Byrjað var á svokallaðri skrifborðsæfingu kl. 15:00 og fór hún fram í húsnæði björgunarsveitarinnar Þorbjörns í Grindavík. Á slíkum æfingum koma saman lykilstjórnendur úr aðgerðar- og vettvangsstjórn og taka stutta upphitun eða skrifborðsútgáfu af hópslysi til að undirbúa sig fyrir sjálfa æfinguna.

Í framhaldinu, kl. 17:30, var æft viðbragð við rútuslysi á Norðurljósavegi, sem daglega er þó kallaður Bláalónsvegurinn. Þar þurftu viðbragðsaðilar að fást við tvö bílflok með 17 slösuðum einstaklingum.

Æfingin þótti mjög góð og menn voru almennt ánægðir með hana.

Sérstaka athygli vakti hversu fljótir björgunarsveitarmenn voru að reisa tvö stór viðbragðstjöld þar sem „slasaðir“ fengu aðhlyningu.

Æfingunni lauk kl. 19:30 þegar allir slasaðir höfðu verið fluttir frá söfnunarsvæði slasaðra. Áætlað var að allt að 130 manns hafi komið að henni.

Hópslysaáætlunin var síðan staðfest og má finna hana á heimasíðu Almannavarna.

Óvissustig vegna ofsaveðurs

Þann 7. desember var lýst yfir óvissustigi á landinu öllu vegna slæmrar veðurspár, ofsaveðri, sem þá var spáð síðdegis þann dag. Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hafði fundað í tvígang með lögreglustjórum á sameiginlegum símafundum, bæði þann 6. desember og svo að morgni 7. desember. Almannavarnarnefnd Suðurnesja og Grindavíkur kom saman til sameiginlegs fundar í hádeginu. Aðgerðastjórn og vettvangsstjórn á Suðurnesjum og Grindavík komu svo saman síðdegis og voru þær virkjaðar.

Um 80 björgunarsveitarmenn og 9 lögreglumenn voru á vaktinni þá um kvöldið. Upp úr 02:00 um nóttina lauk aðgerðastjórn störfum. Um 40 verkefni, sem leyst var úr, komu inn á borð hjá henni.

4.2 Umferðarmál

Sérstakt umferðareftirlit

Júlí og ágúst var haldið úti sérstöku umferðareftirliti í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum. Verkefnið var kostað af Vegagerðinni.


Alla jafna er mjög mikil umferð í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum. Umferð um Reykjanesbraut er oft á tíðum mikil í tengslum við millilandaflugíð, og sama máli gegnir um Grindavíkurveg þar sem gífurlegur fjöldi ferðamanna sækir Bláa Lónið.

Svæðinu var skipt upp í þrjá hluta og unnið út frá svokallaðri svartblettagreiningu Vegagerðarinnar, sem felur í sér kortlagningu á alvarlegum umferðaróhöppum í umdæminu.

Fíkniefna- og ölvunarakstur

■ Fíkniefnaakstur

■ Ölvunarakstur



Eins og sjá má á töflunni hér að ofan er mun meira um að öikumenn séu kærðir fyrir akstur undir áhrifum ólöglega fíkniefna en undir áhrifum áfengis.

Fækkun ölvunarakstra hefur verið nánast stöðug frá árinu 2008. Sú þróun er í takt við niðurstöður í skýrslu um umferðarslys á Íslandi árið 2015 þar sem slysum af völdum ölvunaraksturs fækkar talvert á milli ára og hefur sú tala ekki verið lægri svo langt sem gögn ná, aftur til ársins 1987. Freistandi er að draga þá ályktun að færri aki undir áhrifum áfengis heldur en áður var.

Erfitt er að alhæfa hvað nákvæmlega veldur þessari þróun síðastliðinna ára þar sem fíkniefnaakstrar hafa verið mun fleiri heldur en ölvunarakstrar.

Fjöldi umferðarslysa 2015*

Samtals slasaðir	107
Banasly	0
Slys með alvarlegum meiðslum	16
Slys með minniháttar meiðslum	91

*Upplýsingar úr ársskýrslu Umferðarslysa á Íslandi sem Umferðarstofa (www.us.is) tekur saman.

4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæðisvinna og forvarnir

Lögreglan á Suðurnesjum lagði enn sem áður mikla vinnu í forvarnarstarf í umdæminu á árinu 2015. Reglulegir fundir voru haldnir með foreldrafélögum grunnskóla, fulltrúum barnaverndar í umdæminu og náíð samstarf átt við alla forstöðumenn félagsmiðstöðvanna á svæðinu. Fundir með forvarnarteymishópum sveitarfélaganna voru setnir reglulega og náíð samstarf var haft við félagsmálayfirvöld, svo dæmi séu nefnd.

Stór hluti forvarnarstarfsins snýr að yngstu borgurunum. Má þar nefna Umferðarskólann „Ungir vegfarendur“ og fræðsluheimsóknir í leik- og grunnskóla. Í þeim er farið ofan í saumana á fjölmörgum atriðum sem börnum er hollt og nauðsynlegt að vita, allt frá umferðarfræðslu til eineltis og vímuefnanotkunar. Fræðsluefnið er miðað við aldur barna sem heimsótt eru hverju sinni.

Ekki má gleyma heimsóknum barna á lögreglustöð sem voru allnokkrar á árinu. Einnig kom töluverður fjöldi nemenda á efsta stigi grunnskóla í starfskynningu. Yngsta kynslóðin fer heim úr þessum heimsóknunum með meiri þekkingu og skilning á störfum lögreglunnar í farteskinu og er það vel.


Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru í því umfangsmikla starfi sem haldið er úti í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum.

„Náum áttum“

Til þess að halda uppi öflugu forvarnarstarfi eins og gert er í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum er æskilegt að sé eða þeir er það annast sæki sér þekkingu í reynslubrunn annarra og geti þá jafnframt miðlað eigin reynslu og rætt hana. Því sótti fulltrúi lögreglu forvarnarfundis sem haldnir voru á Grand hóteli í Reykjavík á vegum „Náum áttum“ sem er forvarna- og fræðsluhópur um velferð barna og unglinga. Fjallað var um tölvufíkn, ábyrga netnotkun, áfengis- og vímuefnaneyslu, skemmtanalíf ungmenna, óbein áfengisáhrif á börn, fjölskyldur og samfélagið, kynhegðun, sjálfsmynd ungmenna og margt fleira. Fundirnir voru mjög fræðandi og mikilvægt innlegg í fræðslu þeirra sem annast forvarnir í sinni víðtækustu merkingu.

Skemmtistaðir og ungmenni

Eitt þeirra fjölmörgu atriða sem koma til kasta lögreglu er aðgengi ungmenna undir aldri að skemmtistöðum í umdæminu og kaup þeirra á áfengum drykkjum. Vegna þessa hefur lögregla átt nokkra fundi með veitingamönnum. Þar hefur verið skerpt á nokkrum grundvallaratriðum í þessum efnum svo sem aldri gesta, opnunartíma, fölsun eða misnotkun skilríkja, áfengisafgreiðslu til ungmenna undir 20 ára, dyravörslu og fleiru.



Hverfalöggæsla

Lögreglustöð/skrifstofur eru starfræktar í Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum. Tveir lögreglumenn sinna þessum bæjarfélögum sem hverfalögreglumenn. Hverfalöggæslunni er skipt þannig að annar hverfalögreglumannanna er með Garð og Sandgerði en hinn með Grindavík og Voga.

Lögð er áhersla á viðveru í þessum bæjarfélögum og tengsl við starfsmenn félagsmálayfirvalda og aðra lykilstarfsmenn bæjarfélaganna.

Hverfalögreglumenn hafa eftirlit með brotastarfsemi og leitast við að sporna gegn óæskilegri hegðun. Auk þeirra gerir almenna deildin út öflugt eftirlit í ofangreindum bæjarfélögum og eru hverfalögreglumennirnir viðbót við þá löggæslu.

Sérstakir forvarnarteymishópar eru starfræktir í öllum bæjarfélögum og eiga hverfalögreglumennirnir sæti í þeim. Mikið og öflugt forvarnarstarf er unnið á þeim vettvangi.

Hverfalögreglumenn koma að fundum embættisins með bæjarstjórnnum og lykilmönnum allra bæjarfélaga í umdæminu þar sem farið er yfir þróun brota og verkefni lögreglu. Slíkir fundir hafa reynst mjög vel enda fær lögreglan þar sjónarmið og væntingar bæjarfélaganna þegar áherslur eru síðan lagðar á löggæslu innan hvers bæjarfélags.

Verkefni fíkniefnaleitarhundsins Clarissu 2015

Fíkniefnaleitarhundurinn Clarissa sinnti fjölmörgum verkefnum á árinu. Verkefni voru fjölbreytt svo sem húsleitir, leitir í bifreiðum, útileitir og fl. Alls voru leitarverkefni 71 talsins.

4.4 Handtökur og vistanir

Handtökum fækkaði um 17 % milli árana 2014 og 2015. Lögreglan á Suðurnesjum hefur yfir að ráða tíu fangaklefum. Sjö þeirra eru á lögreglustöðinni í Keflavík, þar af einn sérhannaður til vistunar aðila sem eru grunaðir um smygl á fíkniefnum innvortis til landsins. Þá eru þrjú fangaklefar á lögreglustöðinni í Grindavík en þeir eru einungis notaðir í undantekningartilfellum. Allir fangaklefar á lögreglustöðinni í Keflavík eru búnir öryggismyndavélum til að tryggja enn frekar öryggi þeirra sem þar þurfa að dvelja. Nokkuð oft eru gæsluvarðhaldsfangar vistaðir á lögreglustöðinni þegar fangelsi ríkisins eru fullsetin. Einnig er aukið álag á fangahúsinu vegna veru alþjóðaflugvallarins í umdæminu, en um það bil þriðjungur vistana er vegna mála sem upp koma á Keflavíkurflugvelli.

291 innsetningar voru í fangaklefum lögreglustöðvarinnar í Keflavík og þurfa ávallt tveir lögreglumenn að vera til staðar þegar aðilar gista klefana.

4.5 Fangaflutningar

Eitt af verkefnum almennu deildar árið 2015 voru fangaflutningar. Á árinu 2013 var farið að skrá markvisst þær vinnustundir sem varið er til fangaflutninga hjá embættinu. Fjöldi stunda við þetta verkefni hefur vaxið jafnt og þétt og á árinu 2015 var gríðarleg aukning í þessum efnunum. Alla jafna eru það lögreglumenn úr almennri deild sem sinna fangaflutningum en þó hjálpast allar deildir að ef verkefnið og staðan á vaktinni krefjast þess.

Heildarfjöldi fangaflutninga á árinu 2015 voru 152 samtals sem þýða að jafnaði 2,9 flutningar á viku. Reynt er af fremsta megni að nota bílaleigubifreið við þessa flutninga en hún var notuð í 119 flutningum en lögreglubifreið í 33 flutninga.

Alls voru eknir 28.507 km sem þýðir á hvern flutning um 187 km. að meðaltali.

Alls voru vinnustundir 1143,63 eða um 6 vinnustundir á hvern flutning að meðaltali.

Langflestir fangaflutningarnir eru frá lögreglustöð að Litla-Hrauni og í Héraðsdóm Reykjaness og svo aftur að Litla Hrauni og til baka á lögreglustöð. Þá eru þó nokkrir flutningar til Reykjavíkur og örfáir til Akureyrar. Eins og sjá má þá er verkefnið krefjandi og tímafrekt oft á tíðum.

Leyfisveitingar 2015

Leyfi	2014	2015
Dyraverðir samþykktir	12	11
Dyraverðir hafnað	1	0
Brennuleyfi	6	
Skoteldasýningaleyfi	6	9
Sala á skoteldum	8	8
Flutningur sprengiefnis	2	0
Sprengileyfi - sprengjustjóri	1	
Umsagnir vegna veitinga, skemmti og gististaða	47	51
Bílaleigur	11	0
Tækifærisleyfi	43	31
Samtals leyfi og umsagnir	137	99

4.6 Önnur verkefni lögreglu

Á Suðurnesjum eru haldnar bæjarhátíðir ár hvert í öllum bæjarfélögum umdæmisins. Fyrir hverja hátíð fer fram mikill undirbúningur svo og vinna hjá nefndum á vegum bæjarfélaganna sem sjá um skipulag þeirra. Lögreglan á mjög gott samstarf við þessar nefndir á undirbúningstímabilinu og einnig við sjúkralið og björgunarsveitir. Er það góða samstarf hér með þakkað.

Bæjarhátíðir sem þessar einkennast af gleði og fjöri og leggur lögreglan mikinn metnað í að halda uppi öflugri og sýnilegri löggæslu.

Eftirfarandi bæjarhátíðir voru haldnar í umdæminu á árinu: Sjóarinn síkátí í Grindavík, Sólseturhátíðin í Garði, Fjölskyldudagurinn í Sveitarfélaginu Vogum, Sandgerðisdagar og Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanessbæjar.

Í samstarfi við félagsmálafyrirvöld og fleiri var unglíngaathvarf starfrækt á Ljósanótt. Mikil áhersla var lögð á að koma í veg fyrir unglíngadrykkju.

Þar sem gerir þessar hátíðir einstaklega skemmtilegar er hvað bæjarbúar taka virkan þátt í þeim og gleðjast saman. Hátíðirnar voru allar vel sóttar og fóru prýðilega fram.

Tónlistarhátíðin ATP

Tónlistarhátíðin All Tomorrow's Parties var haldin í þriðja sinn á Ásbrú og stóð yfir þrjú kvöld. Ekki var gerð krafa um að lögreglan væri á sjálfu tónleikasvæðinu heldur í námunda við tónleikastaði til að getað brugðist skjótt við útköllum á staðina og til að sinna öflugum eftirliti.

Hátíðin fór vel fram í alla staði og var til fyrirmyndar. Aðeins örfá mál leituðu á borð lögreglunnar og voru þau minniháttar.

Áhersluverkefni

Eitt af áhersluverkefnum 2015 hjá lögreglunni á Suðurnesjum var að hafa samband við alla þá aðila sem voru með útrunnið skotvopnaleyfi, voru með skotvopn skráð í sinni vörslu og búsettir í umdæminu.

Samkvæmt upplýsingum úr skotvopnakerfinu voru þetta um 305 aðilar og var þeim á vordögum og fram á sumar sent bréf frá lögreglustjóra. Í bréfinu var fólk hvatt til að endurnýja skotvopnaleyfið sitt ellegar koma skotvopnunum í vörslur annars skotvopnaleyfishafa með heimild lögreglustjóra, til dæmis með sölu þeirra.

Margir höfðu samband og endurnýjuðu skotvopnaleyfin. Aðrir voru búnir að farga byssunum, þær týndar eða seldar. Þó nokkrir losuðu sig við byssurnar og ætla ekki að endurnýja leyfi sín.

Lögregla var mjög ánægð með viðbrögðin við bréfunum og er skráning í skotvopnakerfinu fyrir umdæmið nú nákvæmari en áður.

Þessu verkefni verður fram haldið. Næst verða þeir heimsóttir sem ekki hafa brugðist við bréfinu, en eru enn með útrunnið skotvopnaleyfi og skráðar byssur í sinni vörslu.



5.0 RANNSÓKNARDEILD

Rannsóknir brota

Starfsemi rannsóknardeildar hafði verið tvískipt um alllangt skeið, annars vegar rannsóknardeild alvarlegra mála og hins vegar rannsóknardeild skipulagðrar brotastarfsemi. Í hagræðingarskyni var ákveðið að sameina þessa starfsemi og taka upp tvöfalda skipulagða bakvakt hjá deildinni frá 30. apríl 2015. Markmið breytinganna var meðal annars að nýta starfsfólkið betur, jafna vinnuálag, styrkja bakvaktina og auka samstarf og fagþekkingu innan hópsins.

Rannsóknardeildin var skipuð 14 starfsmönnum, undir stjórn aðstoðaryfirlöggluþjóns, 12 sinntu bakvöktum, þar af tveir lögreglufultrúar sem önnuðust daglega stjórn deildarinnar og einn sem sinnti tæknirannsóknnum. Auk þess sinnti einn starfsmaður bakgrunnsskoðunum vegna aðgangsheimilda að haftasvæðum flugverndar á landsvísu.

Verulegt álag var á rannsóknardeildinni, sérstaklega á síðari hluta ársins. Miklir fangaflutningar og fjöldi gæsluvarðhaldsmála settu mark sitt á starfsemina. Alls voru 1419 gæsluvarðhaldsdagar sem tengdust málum ársins 2015 og áttu 47 aðilar þar hlut að máli en öll málin tengdust Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE). Það fylgir því mikið álag að flytja fólk ítrekað fyrir dóm þegar fangelsin og dómstóllinn eru utan umdæmis og ekki bætti úr skák að Fangelsismálastofnun lokaði kvennafangelsinu í Kópavogi og eina gæsluvarðhaldsúrræðið fyrir konur sem ekki sættu einangrun var fangelsið á Akureyri. Færa þurfti þessar konur fyrir dóm og yfirheyr þær. Það kostaði mikla fjármuni fyrir embættið og sóun á mannafla þrátt fyrir mikla og ómetanlega aðstoð frá embættinu á Akureyri.

5.1 Ofbeldisbrot

Alls komu 111 líkamsárásarmál til rannsóknar á árinu, 87 mál vegna brota gegn 217. gr. alm. hgl., og 24 mál vegna 218.1 gr. og 218.2 gr. Heildarmálafjöldi var svipaður og árið áður. Auk framangreindra mála voru enn til rannsóknar á árinu 94 mál frá fyrru árum. Aðeins tókst að ljúka rannsóknnum innan 90 daga, sbr. kröfu ríkissaksóknara um málshraða, í 32.1% málanna hjá rannsóknardeildinni sem var talsvert undir væntingum og markmiðum ársins.

Það vakti athygli hve hátt hlutfall líkamsárása tengist heimilisofbeldi en 62 heimilisofbeldismál komu til rannsóknar. Líkamsárásir áttu sér stað í 55 tilvikum eða u.þ.b. 50% líkamsárásarmálanna í heild. Þetta háa hlutfall dregur glögglega fram hversu miklu skiptir að beita sér í heimilisofbeldismálum og forvörnum á því sviði. Leitast þarf sérstaklega við að koma í veg fyrir að börn alist upp við ofbeldisaðstæður því þannig má draga úr líkum á því að þau tileinki sér ofbeldisfulla hegðun í sínu fjölskyldulífi á fullorðinsaldri.

5.2 Kynferðisbrot

Samtals komu 29 mál til rannsóknar en þar af voru 7 kærur vegna nauðgunar. Ekki tókst að ljúka neinni rannsókn á nauðgunarmáli á innan við 60 dögum, sbr. kröfur ríkissaksóknara um málshraða í þeim brotaflokk, en rannsókn lauk í 33,3% málanna á innan við 90 dögum sem var nokkuð undir væntingum og markmiðum ársins. Til samanburðar má geta þess að 40 kynferðisbrotamál komu til rannsóknar árið 2014 sem var óvenjumikið.

5.3 Skjalafals og misnotkun skjala

Mál sem varða skjalafals og misnotkun skjala tengjast mjög umferð um FLE og alls komu 35 slík mál til rannsóknar, 27 mál varðandi fölsuð skilríki og 8 mál þar sem aðilar framvísuðu skilríkjum annarra (Look alike). Mikið álag var vegna þessara brota í júlí og ágúst en þá komu upp 17 mál en 4 á sama tímabili árið 2014.

Umrædd mál koma til kasta allra deilda embættisins. Flugstöðvardeildin stöðvar fólkið við landamæraeftirlit eða hefur afskipti af því við tollskoðun eftir ábendingu tollgæslu. Skilríkin sæta rannsókn skilríkjasérfræðinga flugstöðvardeildar og fyrirspurnir um aðila eru sendar löggæsluþingum erlendis með milligöngu alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans (RLS). Almenna deildin hýsir þessa aðila í fangahúsi meðan lögfræðideildin gerir kröfu fyrir héraðsdómi um gæsluvarðhald. Almenna deildin og/eða rannsóknardeildin annast flutning á viðkomandi fyrir dóm og síðan í gæsluvarðhaldsvist í fangelsi. Rannsóknardeildin annast framhaldsrannsókn málanna og að henni lokinni gefur lögfræðideildin út ákæru og þá þarf að flytja viðkomandi fyrir dóm á ný og síðan aftur í fangelsi til afplánunar eftir dómsuppkvaðningu. Það gerir málsmeðferðina ekki léttari að á öllum stigum þarf að nota tülka og oft ekki heiglum hent að fá tülka við hæfi þegar verið er að fást við fólk frá fjarlægum heimshornum.

Eins og þessi lýsing ber með sér þá eru málin í eðli sínu einföld en kalla á mikla fyrirhöfn auk þess sem þau njóta forgangs á önnur og alvarlegri mál vegna handtöku og gæsluvarðhalds. Tveir lögglumenn annast fangaflutning og ætla má að akstur nemi um 517 km vegna tveggja ferða með sakborning fyrir héraðsdóm í Hafnarfirði og í fangelsi á Litla-Hrauni. Eins og gefur að skilja hafa þessi tímafreku verkefni veruleg áhrif á starfsemi embættisins.

5.4 Auðgunarbrot

Þjófnaðarmál voru 142 á árinu en 186 árið 2014 þannig að um verulega fækkun er að ræða milli ára. Auðgunarbrot eru skráð 175 alls á árinu.

Ástæða er til að gera stuttlega grein fyrir þremur auðgunarbrotamálum sem voru óvenjuleg og reyndust umfangsmikil. Málin spruttu öll af kaupum á flugfarmiðum með greiðslukortasvikum og varða brotamenn sem eru þekktir á alþjóðavísu á því sviði.

Í júní var karlmaður handtekinn í FLE sem var að koma frá Bretlandi og var á leið til Bandaríkjanna. Kæra barst frá flugfélaginu sem flutti hann þar sem í ljós hafði komið að maðurinn greiddi fargjaldið með greiðslukortaupplýsingum sem hann hafði komist yfir af greiðslukorti annars aðila í Bretlandi og notað þær upplýsingar í heimildarleysi. Farmiðinn hafði kostað um kr. 722.000 þannig að maðurinn var ekkert að spara við sig. Hann neitaði sök í fyrstu en játaði síðan brot sitt og frekari rannsókn leiddi í ljós að hann átti bókaðar flugferðir víðs vegar um heiminn þá um sumarið. Allar ferðirnar hafði hann greitt með svipuðum svikum með greiðslukort. Auk þess kom í ljós að maðurinn hafði stundað þessa iðju lengi og hlotið refsídóma í Bretlandi vegna þess og var á reynslulausn á þessum tíma. Frekari rannsóknir leiddu síðan í ljós að hann hafði mikið magn af barnaklámi í fartölvu sinni og á öðrum rafrænum miðlum. Loks varð maðurinn uppvís að margskonar fjárfvikum meðan hann dvaldi hér á landi í farbanni meðan verið var að ljúka rannsóknum á framangreindum málum hans. Hann var síðan dæmdur í héraðsdómi í 12 mánaða fangelsi fyrir brot sín og til að greiða bætur. Mál þessa aðila teygðu anga sína víða, bæði hér á landi og erlendis og varð rannsóknin viðamikil.

Í júlí var karlmaður handtekinn í FLE þar sem hann hafði í fórum sínum greiðslukort á annars nafni og gat ekki gefið fullnægjandi skýringar á farmiðakaupum sínum. Þessi maður reyndist þekktur á alþjóðavísu fyrir greiðslukortasvik við farmiðakaup og hafði meðal annars komið áður við sögu hér á landi fyrir sömu sakir. Hann hlaut 6 mánaða fangelsisdóm í héraðsdómi sem var áfrýjað til Hæstaréttar sem staðfesti dóm héraðsdóms varðandi fangelsisvistina.

Í ágúst var karlmaður handtekinn í FLE grunaður um kaup á vörum með vákorti fyrir verulegar upphæðir. Maðurinn reyndist þekktur brotamaður á þessu sviði sem ferðaðist mikið undir hinum ýmsu nöfnum og greiddi fyrir farmiða og vörur með illa fengnum greiðslukortaupplýsingum. Rannsóknin leiddi í ljós að svik hans reyndust vera að upphæð ríflega 3,5 milljónir króna. Hann var dæmdur í héraðsdómi og hlaut 8 mánaða fangelsi auk þess sem honum var gert að greiða allan sakarkostnað.

Þessi mál sýna vel að Ísland er í alfaraleið og vettvangur alþjóðlegra brotamanna sem svífast einskis.

5.5 Fíkniefnabrot

Rannsóknir fíkniefnabrota hafa farið fram bæði hjá rannsóknardeild og almennri deild. Skipting hefur í grófum dráttum verið með þeim hætti að innflutningsmál og umfangsmeiri mál hafa sætt rannsókn hjá rannsóknardeild en sölu-, vörslu- og neyslumál í umdæminu verið rannsökuð í almennri deild. Nokkuð á annað hundrað fíkniefnabrot komu til rannsóknar hjá embættinu.

Í byrjun apríl stöðvuðu tollverðir í FLE hollenskar mæðgur sem voru að koma til landsins frá Amsterdam og varð það upphafið að einu frétt næmasta og mest umtalaða fíkniefnamáli ársins. Í farangri þeirra reyndust vera tæplega 19,3 kg. af fíkniefnum, um 10 kg. af ofskynjunarefninu Ecstasy, um 9 kg. af amfetamíni og tæplega



200 gr. af kókaíni. Móðirin var ákærð í málinu og hlaut 11 ára fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjaness sem hún áfrýjaði til Hæstaréttar sem mildaði dóminn í 8 ára fangelsi. Málið gegn dótturinni, sem var aðeins 17 ára gömul, var fellt niður með vísan til 145. gr. almennra hegningarlaga. Dómur móðurinnar fékk mikla fjölmiðlaumfjöllun og þótti þungur. Var í því sambandi vísað til þess að hún hafi verið samvinnuþýð við lögregluna við rannsókn málsins sem og þótti í ljós leitt að hún hafi verið svonefnt burðardýr. Dóttirin fór af landi brott eftir að meðferð málsins lauk og í umsjón föðurins.

Lítið hefur borið á smygli á hassi til landsins undanfarin ár en nú brá svo við að upp komu fjögur mál þar sem aðilar voru stöðvaðir í FLE með nokkurt magn af hassi sem þeir ætluðu að smygla frá Danmörku til Grænlands með viðkomu hér á landi. Ferðaleiðin var ýmist aðeins millilending á Keflavíkurflugvelli á leiðinni til Grænlands eða viðkomandi ætlaði til Reykjavíkur til að taka flug þaðan til Grænlands. Haldlagt hass reyndist vega tæplega 7,9 kg. í þessum fjórum málum. Dómar í þessum málum voru frá 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundnu í 2 ár til 10 mánaða óskilorðsbundins fangelsis.

5.6 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir

Ekkert banaslys varð í umdæminu og ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um önnur slys sem urðu á árinu.

Skráðir brunar voru 34 á árinu, þar af 2 meiri háttar, 29 minni háttar og 3 sinubrunar. Flestir voru brunarnir í húsum eða 19, þá 7 í bifreiðum/vinnuvélum, 4 í ruslagámum og 1 í rafmagnsspenni. Meðal þess sem brann var söluturninn Brautarnesti við Hringbraut í Reykjanesbæ og urðu skemmdir slíkar að húsið var rífið. Þarna hafði verið rekin sjoppa um áratugaskeið og eflaust margir sem sakna hennar.

Mikilvæg æfing með RNSA og kennslanefnd

Vert er að nefna æfingu RNSA og kennslanefndar, sem getið er hér að framan í ársskýrslu 2015, í kafla rannsóknardeildar. Hefðbundnar almannavarnaræfingar eru björgunaræfingar þar sem lítið rými er fyrir rannsóknarþáttinn. Þessi æfing var því kærkomin og nýttist þessum viðbragðsaðilum úr rannsóknargeiranum mjög vel. Það þarf að huga að fleiri séræfingum af svipuðum toga fyrir þá þætti sem þarf að vinna við slíkar stórslysaaðstæður sem almennar æfingar rúma ekki.

Eins og áður sagði tókst æfingin mjög vel og skipulag og undirbúningur var til fyrirmyndar. Þeim sem að þessu stóðu sem og þátttakendum sjálfum eru þökkun mikil og góð störf með bjartsýni á framhaldið.

6.0 Flugstöðvardeild

Líkt og fyrri ár einkenndist starfsemi flugstöðvardeildar árið 2015 af örum vexti almannaflugs sem fer um Keflavíkurlugvöll. Fjölgun farþega um flugvöllinn hefur verið gífurleg mörg undanfarin ár og spáð er örum áframhaldandi vexti.

Árið 2015 nam heildarfjölgun farþega 25,5% miðað við árið á undan. Fjölgun farþega sem fara um ytri landamærin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og sæta af þeim sökum landamæraeftirliti var hlutfallslega enn meiri eða rétt tæpt 31% miðað við 2014.

Samfara auknum fjölda farþega hafa verkefni sem lögreglan kemur að fjölgað nokkuð eins og kemur að einhverju leyti fram í töflu 1.

Tafla 1. Fjöldi tiltekinna verkefna flugstöðvardeildar árin 2013 til 2015*

Tölfræðiupplýsingar	2013	2014	2015
Heildarfjöldi farþega um Flugstöð Leifs Eiríkssonar	2.751.743	3.867.425	4.855.505
Heildarfjöldi farþega um ytri landamæri	1.319.049	1.774.233	2.323.319
Fjöldi útgefina áritana	8	9	11
Frávísanir á ytri landamærum	17	18	21
Frávísanir á innri landamærum	16	4	6
SIS/Interpol smellir	14	25	38
Skilríkjafölsunarmál í FLE	17	32	35
Fjöldi skilríkjarannsóknarskýrsla	33	46	64
Fjöldi hælisumsækjenda	90*	80*	128*
Aðstoð vegna veikinda um borð í flugvélum við FLE	22	33	52

**Heildarfjöldi hælisleitenda hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum.*

Starfsmenn flugstöðvardeildar hafa fundið rækilega fyrir þeirri aukningu sem orðið hefur í fjölgun farþega um flugstöðina enda hefur starfsmönnum ekki fjölgað í neinu samræmi við þá aukningu né í samræmi við fjölgun verkefna samfara þessari þróun. Þessi staða er stærsta áskorunin sem flugstöðvardeildin, sem og embættið allt, stendur frammi fyrir, ásamt mikilli óvissu um framtíðina er varðar rekstur deildarinnar.

Óreglulegir fólksflutningar

Upp úr miðju árinu 2015 hófust fordæmalausir óreglulegir fólksflutningar (e. irregular migration) til Evrópu. Langmest mæddi á löndum og svæðum í suðausturhluta álfunnar. Stórt hlutfall fólksins hélt leiðar sinnar norður á bóginn og áhrifa gætti á Íslandi. Í ágúst mánuði varð skyndileg og mikil aukning á Keflavíkurlugvelli sem og inni í landinu í fjölda einstaklinga sem óskuðu eftir alþjóðlegri vernd. Frá ágúst mánuði og út allt árið voru lagðar fram miklu fleiri beiðnir um alþjóðlega vernd hér á landi en á sama tíma nokkurt annað ár áður. Samtals sóttu 105 einstaklingar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar um alþjóðlega vernd árið 2015 en voru 69 árið áður. Fjölgun slíkra beiðna hefur aukið álagið mikið á ýmsar stofnanir og embætti landsins og þar er flugstöðvardeildin ekki undanskilin.

Samfaramikillifjölgun í komu einstaklinga sem falla undir óreglulega fólksflutninga gæðivegabréfarannsóknarstofa flugstöðvardeildar fleiri skilríkjarannsóknarskýrslur en nokkru sinni áður, meðal annars í tengslum við fleiri aðstoðarbeiðnir frá öðrum embættum og stofnunum inni í landinu. Ætla má að sú aukning sé ein birtingarmynd aukins álags er verður vegna fjölgunar í óreglulegum fólksflutningum.

Skýrslur er fjalla um landamæramálefni

Þann 5. október 2015 gaf greiningardeild ríkislögreglustjóra út skýrslu sem fjallaði sérstaklega um hina fordæmalausú fólksflutninga. Í skýrslunni kemur fram að leggja beri aukna áherslu á farþegagreiningu og eftirlit með komu fólks um innri landamærin.

Þann 20. febrúar 2015 gaf greiningardeild ríkislögreglustjórans út nýtt áhættumat. Hættustig var þar fært úr lágu í meðallag. Sérstaklega var fjallað um uppgang ISIS og erlenda vígamenn sem stefna að því að fremja ódæðisverk í Evrópu. Í því sambandi er talað um nýja vídd í hryðjuverkaógn í Evrópu. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum brást strax við skýrslu greiningardeildar og lagði aukna áherslu á vopnaþjálfun lögreglumanna og fór í aðgerðir til að stytta viðbragðstíma

lögreglu. Rétt er að taka fram að embættið naut við þetta stuðnings ríkislögreglustjóra.

Í júní 2015 gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út tilmæli til samstarfsríkja Schengensamstarfsins er varðaði innleiðingu á áhættuvísunum um erlenda vígamenn (e. Foreign Fighters). Megintilgangurinn með innleiðingunni á áhættuvísunum er að hafa eftirlit með ferðalögum liðsmanna hryðjuverkasamtakanna ISIS sem fara um landamæri samstarfsríkjanna. Áhættuvísarnir taka sérstaklega til einstaklingsins og atferlis, ferðatilhögunar og ferðaskilríkja. Nokkrum vikum eftir að tilmælin voru gefin út voru áhættuvísarnir innleiddir

í verklag við landamæraeftirlit á Keflavíkurflugvelli. Einnig voru þeir kynntir fyrir öðrum starfsmönnum embættisins, tollgæslu og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Nokkur tilvik komu upp í FLE á árinu þar sem skoðað var sérstaklega hvort einstaklingur félli undir áhættuvísana en ekki var um nein staðfest tilvik að ræða. Eins og fram kemur í áhættumatskýrslu ríkislögreglustjórans sem gefin var út 20. febrúar 2015 liggja fyrir upplýsingar um að einstaklingar sem falla undir erlenda vígamenn hafi farið um Keflavíkurflugvöll.

Verkefni vegabréfarannsóknarstofu

Árið 2015 voru 35 einstaklingar stöðvaðir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar með fölsuð skilríki eða skilríki annars manns. Þetta er mjög á pari við það sem á við um árið 2014 þegar 33 einstaklingar með fölsuð skilríki voru stöðvaðir í flugstöðinni. Þá er hlutfall tegunda falsana einnig áþekkt milli áranna eins og sjá má í töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga í skilríkjamálum í FLE árin 2014 og 2015

Tegund fölsunar	2014	2015
Breytifölsun	20	21
Mistnotkun	8	8
Grunnfölsun	2	3
Ólögleg útgáfa		3
Óraunveruleg skilríki	3	
Samtals	33	35

Taflan hér að neðan sýnir brottfararstað þeirra sem stöðvaðir voru með fölsuð skilríki í FLE árið 2015. Í nærri helmingi tilfella, eða 16 tilfellum af 35, ferðuðust aðilarnir frá Svíþjóð.

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga í skilríkjamálum í FLE eftir brottfararstað þeirra.

Brottfararstaður	Fjöldi tilfella
Stokkhólmur	11
Gautaborg	5
Osló	5
Ísland	5
París	4
Edinburgh	2
Kaupmannahöfn	1
Zurich	1
Amsterdam	1

Taflan að neðan sýnir ákvörðunarstað þeirra sem gripnir voru með fölsuð skilríki í FLE árið 2015. Í 20 tilvikum ætluðu aðilarnir að ferðast áfram til Toronto í Kanada en í 9 tilfellum var Ísland loka ákvörðunarstaður.

Tafla 4. Fjöldi einstaklinga í skilríkjamálum í FLE eftir ákvörðunarstað þeirra.

Áfangastaður	Fjöldi tilfella
Toronto	20
Ísland	9
Grænland	2
London	2
Birmingham	1
París	1
Samtals	35

Tafla 5. Algengustu þjóðerni þeirra sem komu við sögu í skilríkjamálum í FLE árið 2015.

Þjóðerni aðila	2015
Sómalía	8
Albanía	5
Sýrland	4
Íran, Kazakstan, Pakistan	3
Írak	2



Tafla 6. Algengustu þjóðerni falsaðra skilríkja í FLE árið 2015.

Þjóðerni skilríkis	2015
Grikkland	6
Svíðþjóð	5
Ítalía, Búlgaría	4
Lettland, Pakistan	3
Frakkland	2

Árið 2012 er enn metár hvað varðar fjölda einstaklinga sem komu við sögu í skilríkjamálum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en það ár voru þeir samtals 42. Hins vegar er árið 2015 metár þegar litið er jafnframt til fjölda einstaklinga sem reynst hafa án nokkurra skilríkja, og þar með í ólögumætri dvöl í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Árið 2012 voru einstaklingar án skilríkja samtals 7 en voru 21 árið 2015 og hafa aldrei verið fleiri. Langflestir þeirra sem voru án skilríkja árið 2015 ferðuðust frá Noregi, eða í 17 af 21 tilfelli.

Samtals 63 önnur verkefni er tengjast skilríkjum bárust vegabréfarannsóknarstofunni frá öðrum embættum og stofnunum innanlands, til dæmis frá Tollstjóra, Útlendingastofnun, sýslumönnum, Þjóðskrá Íslands, útlendum stofnunar og lögregluembættum RLS, á Austurlandi og á Suðurlandi. Í 37 tilfellum var óskað eftir skoðun skilríkja með tilliti til hugsanlegrar fölsunar, í 14 tilvikum var óskað eftir skoðun afrits af skilríkjum og í 12 tilfellum barst fyrirspurn er varðaði skilríki með öðrum hætti. Verkefni voruðust samtals 83 skjöl.

Þegar allt er talið saman gerði vegabréfarannsóknarstofnan 64 skilríkjarannsóknarskýrslur árið 2015.


Á árinu var unnið var að því árið 2015 að styrkja starfsemi vegabréfarannsóknarstofunnar. Var einn lögreglumaður sendur til námskeiðs í skilríkjafræðum á vegum Frontex í því skyni.

Starfsmenn flugstöðvardeildar

Eins og lesa má úr töflu 7 var farþegafjöldinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar árið 2009 samtals 1.832.944 farþegar en var orðinn 4.855.505 farþegar árið 2015. Þetta er fjölgun upp á 165%. Þegar skoðaður er sérstaklega fjöldi þeirra farþega sem fer um ytri landamærin, og lýtur þannig landamæraeftirliti í flugstöðinni, þá er fjölgunin á árunum 2009 til 2015 mun meiri eða sem nemur 245%. Á sama tímabili fjölgaði ársverkum (starfsmönnum) flugstöðvardeildar úr 22,5 í 36,5 sem er aukning upp á einungis 62%. Starfsmannafjöldinn hefur engan veginn haldist í hendur við þróunina í fjölda farþega.

Tafla 7. Þróun í farþegafjölda og fjöldi ársverka árin 2009 til 2015

Ár	Fjöldi farþega	Aukning	Ársverk	Aukning
2009	1.832.944		22,5	
2010	2.065.188	12,7%	22,4	-0,4%
2011	2.474.806	19,8%	24,3	8,3%
2012	2.764.026	11,7%	26,4	8,7%
2013	3.209.848	16,1%	29,6	12,2%
2014	3.865.722	20,4%	32,1	8,6%
2015	4.855.505	25,6%	36,5	13,6%



Þegar litið er til heildarfjölda ársverka árið 2015 (36,5) þá eru meðtaldir þeir starfsmenn sem voru í afleysingum yfir sumarið en samtals voru það 16 starfsmenn, eða átta landamæraverðir og átta afleysingarmenn í lögreglu. Starfshlutfall landamæravarða var hækkað í 85% en hafði verið ýmist 50% eða 75% yfir vetrarmánuðina. Fjöldi lögreglumanna í kjarna flugstöðvardeildar árið 2015 var 24 en sá fjöldi hefur verið sá sami síðan í mars 2013 þegar fjölgað var um fjóra lögreglumenn.

Talsverð starfsmannavelta var í deildinni og þá sérstaklega meðal landamæravarða. Að auki voru fjarvistir starfsmanna vegna veikinda meira áberandi en áður en það verður að hluta að rekja til viðvarandi álags.

Þrátt fyrir miklar áskoranir hafa starfsmenn flugstöðvardeildar staðið sig með miklum ágætum í mjög krefjandi umhverfi.

Brýn þörf á stefnubreytingu

Starfsemi flugstöðvardeildar hefur ekki vaxið í eðlilegu hlutfalli við aukið umfang samfara miklum og örum vexti í farþegaflugi um Keflavíkurflugvöll. Þróunin hefur verið sú að ekki hefur tekist að halda uppi ásættanlegu eftirliti og hefur það bitnað m.a. á lögregluftirliti í flugstöðinni. Má í því sambandi nefna nokkur dæmi: Dregið hefur verulega úr umferðareftirliti í og við flugstöðina og eftirliti með umferðarhraða á flughlaði er tæpast sinnt. Miður hefur gengið að að sinna lögregluftirliti sem byggir á áhættugreiningu með farþegum sem ferðast innan Schengen svæðisins og það verið í lágmarki þegar umferð hefur verið mest. Fyrirbyggjandi lögregluftirlit á haftasvæði flugverndar er lítið og ekki nægilegt að mati lögreglu. Erfitt hefur reynst að sinna fjölmörgum verkefnum er lúta að erlendu samstarfi. Vegabréfarannsóknarstofan hefur þurft að forgangsraða og vísa frá sér verkefnum. Þáttur farþegalistagreiningar hefur dregist saman. Er nú svo komið að erfitt er að halda þeim mikilvæga hluta starfseminnar í því horfi sem þyrfti. Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi um afleiðingar þess að starfsemi flugstöðvardeildarinnar nær ekki að fylgja vexti og umfangi umferðar um flugstöðina. Í stuttu máli hefur þróunin í starfsemi flugstöðvardeildar orðið sú að starfsemin hverfist orðið um eftirlitið á ytri landamærum nánast einvörðungu og önnur verkefni þurfa að mæta afgangi. Það er áhyggjuefni að fá teikn virðast á lofti um að breytinga sé að vænta á næstunni. Allar fyrirbyggjandi spár gera ráð fyrir enn frekari aukningu farþega.

Það er mat starfsmanna deildarinnar að fyrir liggi afar brýn þörf á því að snúa þessari þróun við. Leggja ber aukna áherslu á verkefni sem stuðla að öruggara flugvallarumhverfi sem og sporna við komu óæskilegra farþega til landsins. Brýn þörf er á að tryggja skilvirka löggæslu sem byggir á áhættugreiningu varðandi för fólks um innri landamæri, sbr. m.a. það sem fram kemur í skýrslum Ríkislögreglustjórans sem getið var hér framar. Líkt og áður er fram komið er sú staða uppi að sinna þarf farþegagreiningu og eftirliti sem byggir á áhættumati vel. Skoða þarf hvort leggja beri ríkari áherslu á þessa þætti sé miðað við framkomnar skýrslur varðandi málaflokkinn. Af þeim má margt læra um það er betur ætti að fara. Mikið verk er óunnið varðandi þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir. Mikilvægt er að fylgt sé eftir þeim áherslum sem koma fram í skýrslunum.

Í heimi vaxandi fólksflutninga er landamæravarsla afar mikilvæg stoð til að tryggja öryggi samfélagsins sem í landinu býr. Í allmörg ár hefur verið bent á þörfina á aukinni getu lögreglu til þess að takast á við þessi mikilvægu verkefni. Ljóst er að brýnt er að gera átak til þess að styrkja lögreglu svo hún geti tekist á við framangreind verkefni af þrótti.

7.0 Saksókn mála og sektargerðir

Á lögfræðisviði embættisins eru þrjú stöðugildi lögfræðinga og eitt stöðugildi ritara. Helstu verkefni lögfræðisviðs eru:

- Útgáfa ákæra og málflytningur í héraði í þeim sakamálum sem eru á forræði lögreglustjóra.
- Öflun rannsóknarúrskurða fyrir héraðsdómi.
- Útgáfa sektargerða.
- Leiðbeiningar, ráðgjöf og lögreglurannsóknir.
- Frávísunarúrskurðir á landamærum.
- Lögfræðileg álit, greinargerðir, umsagnir við lagafrumvörp og gerð verklagsreglna.
- Samskipti við embætti ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, héraðsdóm og önnur lögregluembætti.
- Samskipti, samráð og samvinna við aðrar stjórnarsýslustofnanir.
- Afgreiðsla ýmissa stjórnarsýsluerinda, s.s. umsagnir vegna umsókna um ríkisborgararétt, afgreiðsla umsókna um endurveitingu ökuréttinda, bakgrunnsskoðanir vegna aðgangsheimilda að haftasvæði Keflavíkurflugvallar o.fl.

Árið 2015 var mjög annasamt hjá lögfræðisviði embættisins á flestum vígstöðvum. Þannig var tæplega 25% aukning í sendum kröfum um rannsóknarúrskurði til Héraðsdóms en mestu munaði um fjölda gæsluvarðhaldskrafna og meðferð þeirra fyrir Héraðsdómi sem árið 2014 voru 51 talsins en samtals 127 á árinu 2015. Skýrist þessi mikla aukning einkum af mikilli fjölgun svokallaðra skilríkjamála á árinu auk þess sem nokkur aukning var í málum er vörðuðu innflutning á ávana- og fíkniefnum. Þá voru send sektarboð í Héraðsdóm samtals 166 en voru 76 talsins á árinu 2014. Útgefnar ákætur á árinu voru samtals 105 en voru 112 árið 2014. Líkt og á síðasta ári verður helsta verkefni ársins 2016 að gefa út fleiri ákætur en s.l. tvö ár.

8.0 YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2013-2015

	2013	2014	2015
Hegningalagabrot	881	716	555
Auðgunarbrot	296	246	175
Þjófnaður	256	193	118
Þjófnaður - innbrot	59	55	24
Manndráp og líkamsmeiðingar	128	108	112
Líkamsárásir (217)	92	82	87
Líkamsárásir (218þ1 og 2.)	34	22	24
Kynferðisbrot	142	40	29
Eignaspjöll	152	148	94
Of hraður akstur	746	648	776
ölvun við akstur	82	59	65
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	197	172	117
Sérrefsilagabrot	468	474	307
áfengislagabrot	77	57	28
Fíkniefnabrot	216	201	138

8.1 Umferðarlagabrot

Fjöldi umferðarlagabrota árin 2013 - 2015

Umferðarlagabrot	2013	2014	2015
Of hraður akstur	746	648	776
ölvun við akstur	82	59	65
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	197	172	117

8.3 Sérrefsilagabrot

	2013	2014	2015
Sérrefsilagabrot	468	474	307
Áfengislagabrot	77	57	28
Fíkniefnabrot	216	201	138

8.4 Haldlögð fíkniefni

Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á árið 2014-2015. Miðað er við embætti í málnúmeri

Haldlögð fíkniefni	2014	2015
Hass gr.	951,5	7942,0
Kannabislauf gr.	1337,4	106,8
Kannabisplöntur stk	334	404
Marihuana gr.	1520,8	144,1
Amfetamín gr.	799,3	9214,4
E-töflur		
Grömm	94,1	10573,7
Stykki	89,5	45
Kókaín	717,1	6709,7
Metamfetamín	37,1	329,3
Lyf		
Grömm	3884,4	2260,8
Millilítrar	2476	13967
Stykki	28035,5	44478

9.0 Rekstur

Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var send Innanríkisráðuneytinu þann 24. febrúar.

Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum 2015 og 2016

Í þús.kr.	Áætluð útgjöld 2015	Ársáætlun 2016
Launagiöld	1.071.014	1.275.202
Ferðir o.fl.	25.415	32.105
Rekstrarvörur	32.338	32.408
Aðkeypt þjónusta	66.371	69.435
Húsnæðiskostnaður	41.915	44.305
Bírfreiðar og vélar	49.728	59.385
Skattar, fjármagskostn.	619	1030
Eignakaup	4.604	9.470
Tilfærslur	39	40
Rekstrargjöld samtals	1.292.043	1.523.380
Sértekjur	-94.863	-16.550
Gjöld umfram sértekjur	1.197.180	1.506.830
Skv. fjárlögum	1.159.300	1.302.600
Frá fyrra ári	-25.502	-14.182
Annað	49.200	209.500
Fjárheimildir Alls	1.208.500	1.512.100